

Nd.

543. Breytingartillögur

[10. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Frá Ólafi G. Einarssyni og Ragnhildi Helgadóttur.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans, annarra en eftirlifandi maka, og sé búið tekið til skipta hér á landi, skal gjalda skatt i erfðafjárskatt.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
 2. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæð erfðafjárskatts er ákveðin þannig:

 - A. Af erfðafé til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 500 þús.	3%
— næstu 500 —	4%
— — 500 —	5%
— — 500 —	6%
og þar yfir	7%
 - B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 500 þús.	6%
— næstu 500 —	8%
— — 500 —	10%
— — 500 —	12%
og þar yfir	14%
 - C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, er eigi heyra undir stafliðina A og B, eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 500 þús.	15%
— næstu 500 —	20%
— — 500 —	25%
— — 500 —	30%
og þar yfir	35%
3. Við 3. gr. Á eftir fyrri málsg. bætist ný málsgrein:

Á eftir orðunum „Undanþegið skatti er þó“ í 2. málsg. 3. gr. laganna komi: erfðahluti eftirlifandi maka.
4. Við 6. gr. Við greinina bætist: að frádregnum áhvílandi skuldum.